

## Ályktun frá stjórn FORMA.

Af gefnu tilefni hefur stjórn FORMA Foreldrafélags Menntaskólans á Akureyri sent frá sér eftirfarandi ályktun:

Stjórn FORMA hefur markað sér þá stefnu að umkvartanir frá nemendum eða foreldrum vegna framkomu eða starfsaðferða starfsmanna skólans eigi ekki að vinna á vettvangi foreldrafélagsins en hefur bent á að slíkum málum skuli ætíð beint til stjórnenda skólans.

Kvörtun um framkomu tveggja kennara frá því í lok október kom ekki til afskipta eða úrvinnslu á fundum stjórnar FORMA. Erindið fór ekki frá stjórn FORMA til skólastjórnenda, heldur var sent inn af foreldrum sem áttu í hlut. Umkvörtunin var heldur ekki send til skólanefndar af stjórn FORMA.

Stjórn FORMA harmar sinn þátt í því að efni þessarar kvörtunar skyldi rata í fjölmiðla og biður hlutaðeigandi kennara, foreldra og nemendur afsökunar á því.

Stjórn FORMA hefur ávallt hvatt foreldra/forráðamenn ólöggráða nemenda til að leita til félagsins og fá upplýsingar um hvernig og hvert eigi að snúa sér ef upp koma ágreiningsmál sem tengjast hagsmunum nemendanna.

Stjórn FORMA vill vinna að því með stjórnendum skólans að skýra farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni nemenda og forráðamanna þeirra.

Stjórn FORMA vonast til þess að samstarf foreldra og starfsmanna skólans verði sem farsælast og að traust og velvilji einkenni það.

Skráð 12. desember 2014

Stjórn FORMA

Foreldrafélags Menntaskólans á Akureyri